

12. nóvember 2021

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ákvarðanir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna skotsvæðis (US210304).

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs þann 20. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að fundin verði lausn á ágöllum á birtingu ákvarðana Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, sbr. ákvarðanir úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 51 og 56/2021. Nýr vettvangur fyrir birtingu verði tilbúinn fyrir 20. janúar 2022.

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur verið meðvitað um þennan vanda lengi og leitað lausna á honum m.a. í tengslum við vinnu við nýja heimasíðu Reykjavíkurborgar að undanförnum. Ljóst er að bætt verður úr þessu en ekki hefur verið tekin endanlega ákvörðun útfærslu.

Rósa Magnúsdóttir
deildarstjóri